



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

---

Forsætisráðuneytið

Skrifstofa jafnréttismála


Reykjavík 5. október 2021

## **Efni: Umsögn Landssambands lögreglumanna um drög að skýrslu og tillögum starfshóps um verðmæti kvennastarfa og endurmat á virði kvennastarfa**

Landssamband lögreglumanna hefur farið yfir og fjallað um framangreind skýrsludrög og tillögur starfshóps. Er skýrslan mikilvægt innlegg í umræðu og frekari vinnu um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði og brýnt að unnið verði hratt og vel að tillögum starfshópsins. Endurskoðun jafnréttislaga og önnur úrræði sem gripið hefur verið til á undanförunum árum, m.a. um jafnlaunavottun, hafa skilað ákveðnum árangri í launajafnrétti en betur má ef duga skal og úrræðið um jafnlaunavottun þannig ákveðið verkfæri sem þó er ekki fullnægjandi að þessu leyti.

Tillögur starfshóps um endurmat á störfum kvenna sem skipaður var af forsætisráðherra 1. desember 2020 fela m.a. það í sér að stofnaður verði aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði með aðild aðila vinnumarkaðarins sem hafi m.a. það hlutverk að koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa að því markmiði að skapa verkfæri sem fangar jafnvirðisnálgun laga. Jafnframt er tillaga um þróun samningaleiðar um jafnlaunakröfur þar sem m.a. verði horft til áhrifa breytinga á ráðningasamböndum og útvistun starfa á launamun kynjanna, ásamt því sem unnið verði að nánari uppbyggingu þekkingar og vitundarvakningu.

Landssamband lögreglumanna fagnar útgáfu skýrslunnar og tekur undir helstu forsendur og niðurstöður sem hún ber með sér um leið og hvatt er til þess að unnið verði nánar eftir tillögum starfshópsins.

Landssamband lögreglumanna  
  
Hólmsteinn Gauti Sigurðsson  
framkvæmdastjóri